



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2026
USK26040352

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 6. maí 2026 um eftirfarandi mál:

Ægisíða 104 - Nýtt deiliskipulag - Leikskólinn Ægisborg

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að nýju deiliskipulagi fyrir lóðina að Ægisíðu 104, Leikskólinn Ægisborg. Skipulagssvæðið afmarkast til vestur af Ægisíðu og til suðurs af verslunar- og þjónustulóð þar sem bílaþjónustustöð er starfrækt, til austurs af einbýlishúalóðum við Einimel og til norðurs af raðhúsalóð við Kaplaskjólsvæg. Í tillögunni sem lögð er fram felst að heimilt verði að rífa eldri byggingu, að hluta til eða öllu leiti, og að á lóðinni rísi átta deilda leikskóli sem getur tekið á móti allt að 160 börnum í stað fjögurra deilda leikskóla sem nú er, samkvæmt uppdr. Sp(r)int Studio ehf., dags. 24. apríl 2026. Einnig lagt fram Samgöngumat Eflu, dags. 21. apríl 2026.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggst ekki gegn því að tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir leikskólann Ægisborg fari í auglýsingu til að kalla fram sjónarmið íbúa og hagaðila. Mikilvægt er að bregðast við aukinni eftirspurn eftir leikskólarýmum í hverfinu. Fulltrúinn bendir þó á að leikskólavandinn í Vesturbæ er verulegur og brýnt að tryggja að framboð á leikskólarýmum innan hverfisins verði raunverulega aukið áður en ráðist er í framkvæmdir. Mikilvægt er að uppbygging leysi vandann en flytji hann ekki til. Jafnframt er um verulega stækkun að ræða þar sem byggingarmagn á lóðinni er margfaldað og starfsemin tvöfölduð. Slík uppbygging kallar á raunhæfa og trausta samgöngulausn. Fyrirliggjandi gögn sýna að bílastæðapörf getur farið umfram fyrirhugaðan fjölda stæða á álagstímum og að hluti eftirspurnar muni færast út í nærliggjandi götur. Nauðsynlegt er að tryggja að aðkoma, umferðaröryggi og áhrif á nærumhverfi séu metin með ítarlegum hætti áður en tillagan verður samþykkt.

Lögð fram svohljóðandi bókun áheyrnarfulltrúans Mörtu Guðjónsdóttur:

Hér í lok kjörtímabilsins, á síðasta fundi umhverfis- og skipulagsráðs, þegar 10 dagar eru í kosningar og borgarstjórn hefur takmarkað umboð til að taka skuldbindandi ákvarðanir er verið að hraða í gegn stórum og jafnvel umdeildum skipulagsákvörðunum. Fulltrúi óháðra og liðsmaður Miðflokksins telur í ljósi þess að eðlilegra hefði verið að vísa slíkum ákvörðunum til nýrrar borgarstjórnar enda eru skipulagsmálin mjög umdeild víða og eitt af stóru málunum í kosningabaráttunni.




Reykjavík



Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið

Fylgiskjöl: uppdr. Sp(r)int Studio ehf., dags. 24. apríl 2026 og Samgöngumat Eflu, dags. 21. apríl 2026.

DEILISKIPULAG - ÆGISÍÐA 104, LEIKSKÓLINN ÆGISBORG



NÚVERANDI ÁSTAND - LOFTMYND, mkv. 1:1000

GREINARGERÐ

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Samkvæmt gildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er leikskólinn Ægisborg staðsettur á svæði sem skilgreint er fyrir grunnskóla, leikskóla og aðra samfélagsþjónustu (S), sbr. skilgreiningu skipulagsreglugerðar (gr. 6.2.d). Slík landnotkun er ætluð til að hýsa þjónustu sem einkum þjónar viðkomandi hverfi og stóður daglegt mannlíf í nærumhverfi.

Nánari stefna um landnotkun, starfsemi og þéttleika innan svæðisins er mótuð í hverfis- og/eða deiliskipulagi. Við ákvarðanir um þéttleika skal almennt tekið mið af yfirbragði og mælikvarða nærliggjandi byggðar, þannig að breytingar og uppbygging falli að staðaranda og samfelldri heild borgarformsins.

Forsendur og markmið

Fyrirhugað er að reisa nýjan leikskóla við Ægisíðu á lóð þar sem leikskólarekstur hefur verið um langt árabil. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að rífa eldri byggingu, að hluta eða öllu leyti, og að á lóðinni risi átta deilda leikskóli sem getur tekið á móti allt að 160 börnum í stað þess fjögurra deilda leikskóla sem nú er. Stækkunin er lóður í því að tryggja íbúum hverfisins gott aðgengi að leikskólþjónustu, enda hefur eftirspurn aukist undanfarin ár. Jafnframt er gert ráð fyrir að leikskólalóðin verði notalegur og skemmtilegur áfangastaður fyrir íbúa hverfisins utan opnunartíma.

Við ákvörðun um staðsetningu og stærð byggingarreits voru skoðaðir nokkrir valkostir, bæði hvað varðar staðsetningu nýrrar byggingar á lóðinni, umfang hennar og hæð. Valkostirnir voru metnir meðal annars með tilliti til skuggavarp, sólar og skjóls. Niðurstaðan var að staðsetja byggingarreitinn norðan og vestan megin á lóðinni, þar sem núverandi bygging stendur. Með því er tryggt sórlíkt leiksvæði í suður- og austurhluta lóðarinnar og skuggavarp á nærliggjandi lóðir lágmarkað.

Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er svæðið skilgreint sem samfélagsþjónusta (S). Deiliskipulagstillagan stóður markmið aðalskipulagsins um að tryggja jafnt aðgengi allra að leikskóla, í samræmi við heimsmarkmið 4.2 um tækifæri til leikskólamenntunar, og að unnið sé markvisst að metnaðarfullu og framsæknu leikskólastarfi þar sem velferð barna og starfsfólks er höfð í fyrirrúmi.

Í samræmi við yfirlýsta stefnu aðalskipulagsins miðar deiliskipulagið meðal annars að því að:

- ná fram á lóðinni deiliskipulagi sem samræmist markmiðum aðalskipulagsins og þeim vilja borgaryfirvalda að fjölga deildum leikskólans Ægisborgar á lóðinni.
- skilgreina byggingarreit og byggingarmagn á lóðinni og setja fram samræmda skilmála.
- skilgreina heimildir til niðurrifs núverandi byggingar.

Afmörkun svæðis

Deiliskipulagssvæðið afmarkast til vesturs af Ægisíðu og til suðurs af verslunar- og þjónustulóð þar sem bílaþjónustustöð er starfrækt. Til austurs afmarkast svæðið af einbýlishúsalóðum við Einimel og til norðurs af ráðhúsalóðum við Kaplaskjólsvæg.

Milli leikskólalóðar og nærliggjandi lóða liggja göngu- og hjólastígar ásamt gangstéttum sem mynda samfellda leið umhverfis lóðina.

Lóðin þar sem leikskólinn Ægisborg er staðsettur er 4851 m² að stærð.


Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir lóðina og er því um að ræða nýtt deiliskipulag.

Núverandi ástand á svæðinu

Á leikskólalóðinni eru tvær byggingar. Leikskólabyggingin Ægisborg, reist árið 1981, er staðsett norðan til á lóðinni. Vestan megin á lóðinni stendur bráðabirgðahúsnæði, reist árið 2001, sem gert er ráð fyrir að verði fjarlægð við uppbyggingu nýrrar byggingar. Leikskólabyggingin sem nú stendur á lóðinni er eldra húsnæði sem þyrkir illa fallið að starfsemi og þarfnast verulegs viðhalds. Jafnframt þarf að gera ráð fyrir auknum bílastæðum á lóð í samræmi við samgöngumat, sem stóður enn frekar við niðurrif núverandi húsnæðis. Mælt er með því að rífa núverandi leikskólabyggingu, að hluta eða í heild.

Aðkoma að leikskólanum er frá Ægisíðu, norðvestan til, en bílastæði leikskólans er að finna nyrst á lóðinni.

Engar kvaðir eru á lóðinni.



TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI, mkv. 1:1000

ALMENNIR SKILMÁLAR

Byggingarmagn og byggingarreitur

- Núverandi byggingarmagn á lóðinni er 431 m² og nýtingarhlutfall lóðar 0,09.
- Samkvæmt þessari tillögu að deiliskipulagi er heimilt að auka byggingarmagn á lóðinni um 1469 m².
- Leyfilegt heildarbyggingarmagn verður því 1900 m² og nýtingarhlutfall lóðar 0,39.
- Ægisborg er víkjandi, að hluta eða í heild, fyrir nýbyggingu á allt að tveimur hæðum auk kjallara.
- Á lóðinni skal vera einn samfelldur byggingarreitur. Þakform nýbyggingar er frjálst. Sé þak hallandi er hámarksmeðnishæð 9,5 m yfir kóta jarðhæðar, en sé þak flatt er hámarksvegghæð 8,5 m yfir gólfkóta jarðhæðar.
- Heimilt er að einstaka byggingarhlutar, s.s. lyftuhúð, tæknirými, ofanljós og handrið, gangi upp fyrir hámarks hæðarsetningu um allt að 1,2 m.
- Byggingarreitur fyrir færnanlegar kennslustofur og útskýli, þar með talið vegna sorplátta, hjólageymslu og leiktækja, er skilgreindur á upprætti.
- Þakvalir eru heimilaðar.

Yfirbragð

- Bygging og lóð skal hönnuð samkvæmt algildri hönnun. Vandað skal til verks við efnaval með áherslu á að taka tillit til umliggjandi byggðar.

Lóðarhönnun

- Heildarendurskoðun á lóðarhönnun, þar með talið leiksvæða, verður gerð í tengslum við nýja uppbyggingu á lóðinni.
- Gert skal ráð fyrir að yfirborðs- og regnvatn sem fellur til á svæðinu verði, eftir bestu getu, leyst og meðhöndlað innan lóðar með blágrænum ofanvatnslausnum.

Aðkoma

- Aðkoma að leikskólanum er frá Ægisíðu, norðvestan til, en bílastæði leikskólans er að finna nyrst á lóðinni.

Bíla- og hjólastæði

- Núverandi bílastæði verður stækkað til suðurs til að mæta aukinni þörf fyrir bílastæði skv. samgöngumati.
- Reiknuð hámarks bílastæðþörf fyrir leikskólann er samtals 25 stæði. Á lóðinni eru 25 bílastæði og í borgarlandi við leikskólalóðina eru einnig stæði sem nýta mætti.
- Reiknuð heildar hjólastæðþörf fyrir leikskólann er 50 hjólastæði. Við leikskólann er hægt að samnýta hjóla- og vagnageymslur. Lagt er til að 35 hjólastæðum sé komið fyrir í hjólageymslu. Öðrum hjólastæðum er lagt til að sé komið við alla helstu innganga í leikskólann. Æskilegt er að hafa hjólageymsluna innan leikskólagirðingarinnar þar sem hjólin eru þá í verndaðra umhverfi.

Fyrirkomulag og fjöldi bíla- og hjólastæða á deiliskipulagssvæðinu hefur verið endurskoðað í tengslum við gerð nýs deiliskipulags. Tillagan byggir á bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar og Reglur um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík, auk niðurstaðna samgöngumats. Samgöngumat vegna deiliskipulagstillögunnar var unnið af EFLU verkfræðistofu, dags. 21.04.2026.

Heiðslustöðvar

- Heimilt er að setja upp heiðslustöðvar fyrir rafbíla.

Gróður

- Halda skal í þann gróður sem er umhverfis lóðina eins og kostur er. Heimilt er að hafa lágan gróður á lóðarmörkum.

Girðing á lóðarmörkum

- Lóðin verður girt af með girðingu. Há hlíð verða við innganga leikskólans.

Kvaðir á lóð

- Engar kvaðir eru á lóð.

Fráveita

- Gert er ráð fyrir því að leikskólalóðin verði tengd holræsa- og lagnakerfi borgarinnar.

Sorphirða og vörufending

- Tryggja skal að sorphirða og vörufending fari fram í samræmi við ákvæði byggingareglugerðar. Á upprætti er sýnd leiðbeinandi staðsetning fyrir sopp. Hvort sem um verður að ræða djúpgáma eða soppgerði þá verður það staðsett innan lóðar næst götu.



SKÝRINGARMYND, mkv. 1:1000

SKILMÁLATAFLA: SAMANTEKT STÆRÐA FYRIR ÆGISÍÐU 104 VEGNA LEIKSKÓLANS ÆGISBORGAR

Núverandi ástand og tillaga að deiliskipulagi.

SKILMÁLATAFLA:	Núverandi ástand	Deiliskipulagstillaga
Ægisíða 104		
Lóðarstærð (m ²)	4851	4851
Landnotkun	Leikskóli	Leikskóli
Hæð bygginga	Ein hæð	Tvær hæðir og kjallari
Heimilt byggingarmagn (m ²)	491	1900
Fjöldi bílastæða á lóð	15	25
Nýtingarhlutfall	0,09	0,39



HLUTI GILDANDI AÐALSKIPULAGS REYKJAVÍKUR 2040
Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 er uppfærð og endurbætt útgáfa AR2030, sem samþykkt var árið 2014. Aðalskipulagið var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021, samþan einnig samþykkt hennar 21. desember 2021. Aðalskipulagið var undirritað þann 13. janúar 2022 og tók gildi með birtingu í Stjórnartíðningnum þann 18. janúar 2022.

Skýringar:

- Mörk deiliskipulags
 - Lóðarmörk
 - Byggingarreitur
 - Byggingarreitur færnanlega kennslustofa og útskýla v. sorplátta, hjólageymsla og leiktækja
 - Heimilað niðurrif í heild eða hluta
 - Núverandi byggingar í nágrenni
- L: 4851 m² Flatarmál lóðar
N: 0,39 Nýtingarhlutfall lóðar
104 Húsnúmer
2H + KJ Hæð
SH Leiðbeinandi staðsetning fyrir sorphirðu

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í á

þann _____ 20__ og í

þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__

með athugasemdafrest til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðnda þann _____ 20__.

BREYTINGAR:

SP(R)INT STUDIO

SP(R)INT STUDIO ehf.

Kt.: 590319-0740
Sími: 77 33 888
www.sprint-studio.com

VERKHEITI
ÆGISÍÐA 104
Leikskólinn Ægisborg

VERK
DEILISKIPULAG
Deiliskipulagsuppráttur

MÁL: 1:1000 / A1
HANNAÐ: KK
YFIRFARIÐ: KK
VERKNÚMÉR: 61-01


ÞACCS: 24.04.2026
TEKNIÐ: KK

FL. TEIKNINGANÚMÉR
04 **1.1-01**


SAMÞ.: Karl Kvarðan Aðilski / AL / HAL / HMO/HP Kt.: 191278-8859

Öll rit og öftr tekið upp. Að hluta eða heild. er það samþykkt Karl Kvarðan, skv. ákvæðum hönnuðaröð.


SKÝRINGARMYNDIR




NÚVERANDI ÁSTAND, SNIÐ A-A, mkv. 1:500



DEILISKIPULAGSTILLAGA, SNIÐ A-A, mkv. 1:500



NÚVERANDI ÁSTAND, SNIÐ B-B, mkv. 1:500



DEILISKIPULAGSTILLAGA, SNIÐ B-B, mkv. 1:500

SKUGGAVARP - miðað við hámarkshæð á byggingarreit



21.03 - kl. 10.00



21.03 - kl. 13.00



21.03 - kl. 16.00



21.06 - kl. 07.00



21.06 - kl. 10.00



21.06 - kl. 13.00



21.06 - kl. 16.00



21.06 - kl. 19.00



HLUTI GILDANDI AÐALSKIPULAGS REYKJAVÍKUR 2040
Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 er uppfærð og endurbætt útgáfa AR2030, sem samþykkt var árið 2014. Aðalskipulagið var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021, samþær einnig samþykkt hennar 21. desember 2021. Aðalskipulagið var undirritað þann 13. janúar 2022 og tók gildi með birtingu í Stjórnartíðindum þann 18. janúar 2022.

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í á

þann _____ 20__ og í

þann _____ 20__.

Tilgan var auglýst frá _____ 20__

með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

BREYTINGAR.

SP(R)INT STUDIO

SP(R)INT STUDIO ehf.
Kt.: 590319-0740
Sími: 77 33 888
www.sprint-studio.com

VERKHEITI
ÆGISÍÐA 104
Leikskólinn Ægisborg

VERK
DEILISKIPULAG
Skýringarmyndir

MÁL: 1:1000 / A1
HÁNNAD: KK
YFIRFARIÐ: KK
VERKNÖMER: 61-01

ÞAÐS: 24.04.2026
TEIKNAD: KK

FL. TEIKNINGANÖMUR ÖTG
04 **1.1-01**

SAMP. Karl Kværn Architects / FAJ / NAL / HANP Kt.: 191278-8859

Ör áttal og öftri teikninga, að hluta eða heild, er það samþykkt karl kværns, skv. ákvæðum höfundalaga.

MINNISBLAÐ

DAGS.

21.04.2026

SENDANDI

Daði Baldur Ottósson

Valur Elli Valsson

MÁLEFNI


Samgöngumat – Leikskóli við Ægisborg, deiliskipulagsbreyting

DREIFING

Jónas Ingi Jónasson

Inngangur

EFLU hefur verið falið að vinna samgöngumat fyrir deiliskipulagsbreytingu á leikskólanum Ægisborg við Ægissíðu 104. Deiliskipulagstillagan miðar að stækkun leikskólans, þar sem núverandi bygging verður rifin og ný leikskólabygging, rúmlega tvöfalt stærri, verður byggð í staðinn. Með stækkuninni er áætlað að nemendafjöldi tvöfaldist, úr 75 börnum í 150 og að starfsmönnum fjölgi úr 22-25 í um 50. Í samgöngumatinu er lagt mat á aðgengi vistvænna ferðamáta og akandi umferðar, sem og aðgengi að bíla- og hjólastæðum.



MYND 1 Yfirlitsmynd af Ægissíðu 104 þar sem Ægisborg er til húsa.

Áhersla skipulagsvinnu, núverandi staðsetning og aðgengi umferðar

Um skipulagið og núverandi starfsemi

Áform eru um að stækka núverandi leikskóla (Ægisborg) við Ægissíðu 104. Nýtt deiliskipulag gerir ráð fyrir að rífa núverandi byggingu leikskólans, skilgreiningu nýs byggingarreits og endurskipulagningu bílastæða á sömu lóð. Gert er ráð fyrir að byggingarreitur verði stærri og húsnæði leikskólans verði á tveimur hæðum, samtals allt að 2.200 fm. Við þessa breytingu fjölgar leikskólaplássum og er gert ráð fyrir allt að 150 börnum og 50 starfsmönnum við leikskólann eftir stækkun. Jafnframt verður bílplan stækkað og áætlað að bílastæðum fjölgi úr 15 í 25.

Ferðavenjur og markmið um breyttar ferðavenjur

Skipulagssvæðið er í Vesturbæ Reykjavíkur. Samkvæmt nýjustu ferðavenjukönnun¹ eru bílferðir íbúa í hverfinu (Hagar, Melar, Seltjarnarnes) um 48% af öllum ferðum, sem er sama hlutfall og mælist í miðborginni, sjá töflu 1. Ferðir með vistvænum hætti mælist hæst meðal íbúa í þessum hverfum samanborið við önnur hverfi á höfuðborgarsvæðinu. Enn fremur mælist einkabílaeign og hlutfall þeirra sem eiga engan bíl lægst í þessum hverfum.

TAFLA 1 Niðurstöður á ferðavenjukönnun íbúa ákveðinna svæða í október-nóvember 2022².

	BÍLSTJÓRI	FARÞEGI Í EINKABÍL	GANGANDI	HJÓLANDI	STRÆTÓ	ANNAD
Hagar, Melar, Seltjarnarnes	48%	14%	18%	10%	6%	5%
Miðbær, Tún	48%	8%	26%	6%	6%	9%
Reykjavík í heild	55%	12%	18%	6%	6%	5%
Höfuðborgarsvæðið	58%	14%	15%	5%	5%	4%
Hagar, Melar, Seltjarnarn. – ferðir til og frá vinnu	64%	7%	11%	9%	7%	2%
RVK – íbúar í vinnu	71%	7%	9%	6%	4%	3%
HBS – íbúar í vinnu	75%	8%	7%	5%	3%	2%
Markmið AR2040 – allar ferðir	50%		35%		15%	

Þar sem um leikskóla er að ræða er talið að ferðavenjur til og frá vinnu gefi betri vísbandingu um ferðavenjur starfsmanna og foreldra barna í leikskólanum. Samanber töflu 1, þá er bróðurpartur ferða til og frá vinnu hjá íbúum í Reykjavík farnar á bíl; 71% fara sem bílstjóri og 7% fá far í og úr vinnu. Þá ganga 9% til vinnu, 6% fara hjólandi og 4% með strætó. Hlutfall akandi ferða er lægra hjá íbúum í hverfinu og nærliggjandi hverfum en þegar horft er til Reykjavíkur í heild. 64% íbúa í hverfinu fara sem bílstjóri til og frá vinnu, 7% sem farþegi í einkabíl. Þá fara um 11% gangandi, 9% hjólandi og 7% með strætó.


Í aðalskipulagi Reykjavíkur til ársins 2040 er fjallað um mikilvægi breyttra ferðavenja og uppbyggingu Borgarlínu. Í greinargerð aðalskipulagsins kemur fram markmið um breyttar ferðavenjur. Annars vegar er gert ráð fyrir breyttri forgangsröðun ferðamáta þar sem gangandi og hjólandi og aðrir samgöngumátar eru í forgangi fram yfir

¹ Gallup 2022. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Vegagerðin, Samgöngustofa og Isavia. Vefslóð: https://reykjavik.is/sites/default/files/2023-09/ferdavenjukonnun_2022.pdf og https://www.stjornarradid.is/.../IRN/Ferdavenjukonnun-2022/40303670_Ferdavenjur_Hagar_Melar_Nes_270423.pdf

einkabílinn. Hins vegar eru í aðalskipulaginu markmið um að hlutdeild akandi umferðar fari úr 75% niður í 50%, en sé miðað við ferðavenjukönnunina frá árinu 2022 eru nú þegar 67% allra ferða íbúa í Reykjavík farnar á einkabíl (55% sem bílstjóri og 12% sem farþegi). Hlutfall ferða sem farnar eru til vinnu er hærra eða 71% sem bílstjóri eins og áður hefur komið fram. Sé gert ráð fyrir að hlutfall ferða til og frá vinnu haldist áfram hærra m.t.t. allra ferða, þá má reikna út að til þess að ná markmiðum aðalskipulagsins verði hlutdeild bílferða til og frá vinnu að lækka niður í 58%.

Staðsetning skipulagssvæðisins – aðgengi að stígakerfi og almenningsamgöngum


Staðsetning leikskólans er miðlæg innan hverfisins og þar með er stór hluti hverfisins innan göngufjarlægðar frá leikskólanum. Allur Vesturbær ásamt Seltjarnanesi er innan 10 mín hjólafjarlægðar en sjá má 10 mín göngu- og hjólafjarlægðir á mynd 2 hér að neðan.



MYND 2 Svæði í 10 mín göngu- og hjólafjarlægð frá Ægisborg (Ægissíðu 104). Göngufjarlægð merkt með fjólbláum lit og hjólafjarlægð með rauðum lit. Kort: *TravelTime*.

Göngustígar eru umhverfis alla leikskólalóðina – meðfram Ægissíðu, við leikskólann, eru gangstéttir beggja vegna í götunni auk þess sem upphækkaðar gönguþveranir eru yfir Ægissíðuna á sitthvorum enda leikskólans en innan

við 100 m eru á milli þverananna. Í dag við vesturhlíð leikskólans eru átta hjólabogar ásamt yfirbyggðri ólæstri hjólageymslu sem er áætlað að rúmi a.m.k. átta hjól og/eða barnavagna. Mjög gott aðgengi er að hjólastíganeti borgarinnar, en í hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar 2021 til 2025² er gert ráð fyrir bæði aðalstíg og tengistíg alveg upp við leikskólalóðina. Aðalstígurinn, sem á eftir að leggja, mun liggja eftir Ægissíðu og tengistígurinn er skilgreindur eftir göngustígnum sem liggur milli Ægissíðu og Einimels bakvið leikskólalóðina. Með frekari nýframkvæmdum í samræmi við hjólreiðaáætlun borgarinnar er talið að aðgengi hjólandi geti batnað enn frekar til framtíðar.



MYND 3 Yfirlit yfir hjólastíga í nálægð við leikskólann Ægisborg við Ægissíðu, staðsetning leikskólans er merkt á kortið. Kortið er úr hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar 2021-2025. Sjá má að bæði aðal- og tengistígar liggja við leikskólann.

Gott aðgengi er að svæðinu með almenningssamgöngum, en þrjár leiðir tengjast svæðinu. Leið 11 og 15 stoppa á samnefndri stoppistöð við Ægisborg auk þess sem leið 13 stoppar við Kaplaskjólsvæg sem er í u.þ.b. 150 m göngufjarlægð frá leikskólanum. Vagnar á leiðum 11, 13 og 15 aka á 15 mín tíðni á annatíma en leið 15 er frábrugðin að því leyti að hún ekur á 15 mín fresti allan daginn fram að kvöldi.


² Hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar 2021-2025, sjá á vefslóð:

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_frettir/hjolreidaaetlun_reykjavikur_2021-2025_-_mai_2021.pdf



MYND 4 Yfirlit yfir núverandi strætóleiðir sem stoppa hvað næst Ægisborg.

Með tilkomu Borgarlínu og innleiðingu á nýju leiðaneti Strætó þá fækkar leiðum almenningssamgangna í göngufæri við leikskólann, þar sem ein leið Borgarlínu (E) mun fara um skipulagssvæðið eftir Ægissíðu og ein strætóleið (I) eftir Hávallagötu (sjá mynd 5). Tíðni ferða eftir Ægissíðu mun aukast með Borgarlínuleið E sem mun stoppa næst leikskólanum við Kaplaskjól í 120 m fjarlægð og fara á 7-10 mínútna fresti á annatíma og 15 mínútna fresti utan annatíma á virkum dögum. Strætóleið I stoppar við Vesturbæjarlaug og mun fara á 20 mínútna fresti á virkum dögum. Gönguvegalengdin frá Vesturbæjarlaug að leikskólanum eru um 400 m.



MYND 5 Yfirlit yfir Nýtt leiðanet Strætó – leiðir í nágrenni við Ægisborg. Borgarlínuleið E er bleik og Strætóleið I er brún.

Aðgengi akandi og notkun bílastæða


Á lóð leikskólans eru í dag 15 bílastæði. Aðgengi akandi að leikskólanum er um Ægissíðu, þar sem beygt er inn á bílplan leikskólans. Í nágrenni leikskólans, meðfram Ægissíðu eru um 18 bílastæði í borgarlandi. Í næsta nágrenni leikskólans er lítið af bílastæðum á borgarlandi en talsvert ef að bílastæðum við sérbylí og fjölbýlishús.

Sem hluta af vinnslu samgöngumatsins var staðið að umferðar- og bílastæðatalningu við leikskólann í Ægisborg til að meta betur notkun bílastæða við leikskólann. Framkvæmd var umferðartalning við leikskólann þriðjudaginn 13. janúar milli 07:00-19:00. Þegar mælingar voru framkvæmdar var þurr en kalt (meðalhiti mældist -3°C). Vert er að hafa í huga að í janúar er líklegt að hlutfall akandi ferða sé hærra en á öðrum árstímum, þegar aðstæður fyrir göngu og hjólreiðar eru betri. Því endurspeglar niðurstöður líklega vel eftirspurn eftir bílastæðum að vetrarlagi, en að gera megí ráð fyrir að eftirspurn mælist líklega minni á öðrum árstíðum þ.e. um vor, sumar og haust.

Þennan dag fóru 98 bílar um svæðið þar sem umferðarflæði var mest að morgni til og síðdegis. Fyrsti bíllinn kom að leikskólanum upp úr kl. 07:30 en fyrstu börn mættu ekki fyrr en nær kl. 08:00. Umferð bíla mældist nokkuð jöfn og þétt milli kl. 08:00 – 09:00, þar sem 39 bílar komu inn á lóðina með ákveðnum toppum í kringum 08:00, 08:30 og 09:00 sem miðast við vistunartíma barna. Mesta nýtingin árdegis mældist í kringum 08:30 þegar 15 bílar voru inn á lóð leikskólans, þar á meðal vörubíll (áætluð lengd 10 metrar) sem var að flytja mat til leikskólans sem skapaði erfiðar aðstæður á bílplaninu, þar sem vörubíllinn skaraði nokkra metra út fyrir merkt stæði.

Milli klukkan 09:00-15:00 var umferðarflæði við bílplan leikskólans mjög lítið en aðeins 17 bílar óku inn á bílplanið við leikskólann á því tímabili. Á þessum tíma dags voru að meðaltali 8 bílar á bílplaninu við leikskólann.

Frá kl. 15:00-16:35 jókst umferð um bílastæði leikskólans aftur þegar foreldrar sækja börnin sín. Á þessu tímabili óku 42 bílar inn að leikskólanum og eftir lokun leikskólans kl. 16:30 var bílplanið orðið tómt. Þegar mesta bílaumferðin mældist á bílastæðinu við Ægisborg var 18 bílum lagt við leikskólann sem er meira en merktur fjöldi bílastæða, en þá lögðu sex bílar samsíða við götukant á móts við bílastæðin þar sem ekki eru merkt nein bílastæði. Eftir lokun leikskólans og til loka mælinga, kl. 19:00, fóru aðeins tveir bílar inn á lóð leikskólans þar sem þeir nýttu bílplanið til að snúa við og voru þar því aðeins í stutta stund, og var engum bílum lagt í bílastæðin yfir nóttina.



MYND 6 Yfirlit yfir bílastæðanýtingu við Ægisborg þriðjudaginn 13. janúar 2026. Heildarfjöldi bílastæða á lóðinni er 15 stæði.

Nýtt skipulag

Stækkun leikskólans byggir á því að fjarlægja núverandi leikskólabyggingu og byggja nýtt húsnæði sem verður allt að 2.200 fm að stærð og á tveimur hæðum. Slík bygging gæti rúmað um 150 börn og 50 starfsmenn á 8 deildum. Gert er ráð fyrir bættari hjólaaðstöðu þar sem komið verður fyrir stærri hjóla- og vagnageymslu við leikskólabygginguna á vesturhorni byggingarreitarins ásamt sorpgeymslu eins og er í dag. Í dag eru 15 bílastæði á lóð leikskólans en með stækkun leikskólans verða einnig breytingar á bílastæðum lóðarinnar og gert er ráð að þeim fjölgi og verði 25 talsins. Afstöðumynd af leikskólalóðinni má sjá á mynd 7 þar sem má sjá lóðarmörk leikskólans, fyrirhugað bílastæði og byggingarreit nýs leikskóla (ath. ekki er búið að staðsetja byggingar á reitnum).



MYND 7 Afstöðumynd af deiliskipulagstillögu af leikskólanum Ægisborg. Góðar göngutengingar eru að reitnum frá núverandi stígakerfi. Gert er ráð fyrir 25 bílastæðum innan lóðar en nokkuð er um bílastæði á borgarlandi í grennd við reitinn (sjá kort). Gert er ráð fyrir hjólastæðum við alla innganga leikskólans og einni yfirbyggðri hjóla- og vagnageymslu innan lóðar sem nýtist starfsmönnum og foreldrum barna. Lagt er til að hafa aðkomu vöru- og sorpbíla vestast á bílaplaninu upp við leikskólann. Á kortinu er líka merkt inn tillaga að upphækkaðri gönguþverun meðfram Ægissíðu yfir innkeyrslu að leikskólanum.

Aðgengi akandi, umferðaröryggi og umferðarsköpun

Eins og áður hefur komið fram er aðgengi akandi að leikskólanum um Ægissíðu og inn á bílastæðið við Ægisborg en engin önnur bílaumferð fer um þá innkeyrslu. Leikskólinn stendur við Ægissíðu en gatan flokkast sem tengibraut þar sem hámarkshraðinn er 40 km/klst. Einnig eru bílastæði á borgarlandi vestan megin í götunni, við Ægissíðu 121 og 123, sem og í aðeins lengri fjarlægð við Ægissíðu 117.

Að mati ráðgjafa er stækkun leikskólabyggingarinnar ekki talin hafa neikvæð áhrif á umferðaröryggi við leikskólann, þar sem lega innaksturs við leikskólann mun haldast óbreytt. Í dag eru þegar tvær hraðahindranir með stuttu millibili á Ægissíðu sem dregur úr umferðarhraða við leikskólann.

Áhrif á aðgengi akandi að leikskólanum eru talin takmörkuð, en búast má við aukinni bílaumferð vegna fleiri bílastæða á leikskólalóðinni, sjá nánari umfjöllun um fjölda bílastæða hér að neðan í kafla um *Fjöldi bíla- og hjólastæða*. Líkt og fram kom að ofan, þá sýndu mælingar að umferð sem tengist leikskólum myndar toppa að morgni og síðdegis á virkum dögum en mælist lítil utan þess tíma. Hugsanlegt er að íbúar leiti einnig á leikskólalóðina um helgar og á góðviðrisdögum utan opnunartíma leikskólans.

Aðgengi gangandi og hjólandi

Aðgengi fyrir gangandi vegfarendur að Ægisborg má teljast gott, þar sem göngustígar liggja að leikskólanum úr öllum áttum, bæði meðfram götum, sem stofnstígar eða innan íbúðahverfa við leikskólann. Gönguþveranir í nágrenni leikskólans eru margar hverjar vel merktar og jafnvel upphækkaðar sem stuðlar að auknu öryggi.

Að mati ráðgjafa myndi það bæta öryggi að setja upphækkaða gönguþverun yfir innkeyrsluna að leikskólanum meðfram Ægissíðu. Lagt er til að Reykjavíkurborg ráðist í þessa breytingu samhliða stækkun leikskólans en það myndi bæta aðgengi gangandi og hjólandi og draga úr umferðarhraða ökutækja sem eru að beygja inn á leikskólalóðina.

Eins og fram kom fyrir í samgöngumatinu þá er mjög gott aðgengi frá skipulagsreitnum að hjólastíganeti borgarinnar og verður það betra í framtíðinni, verði hjólréiðaaætlan Reykjavíkurborgar framfylgt til ársins 2030. Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að nýta núverandi stígatengingar að leikskólalóðinni og eru ekki lagðar til sérstakar úrbætur sem snúa að nýjum stígatengingum.

Í dag er aðgengi að hjólastæðum og hjólageymslu á leikskólalóðinni. Í deiliskipulagstillögunni er áfram gert ráð fyrir að hjóla- og vagnageymslu verði komið áfram fyrir innan lóðar við leikskólann og einnig er gert ráð fyrir hjólastæðum við alla innganga (hlið) leikskólans (sjá nánari umfjöllun að neðan í *Fjöldi bíla- og hjólastæða*). Því er það mat ráðgjafa að aðgengi fyrir gangandi og hjólandi til og frá leikskólanum og innan lóðar verði gott á þessum stað í framtíðinni.

Helstu götur og stígar sem tengjast leikskólanum eru í þjónustuflokki 1 hvað varðar vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar. Aftur á móti er gönguleiðin sem liggur upp við leikskólann innan lóðar og því ekki í skilgreindum þjónustuflokki, og þá er gönguleiðin sem liggur hinum megin við bílplanið í þjónustuflokk 4 en líklegra er að gönguleiðin upp við leikskólann sé notuð. Í nýju skipulagi þarf að tryggja að sú gönguleiðin sé í reglulegri vetrarþjónustu eða með snjóbræðslu.

Aðgengi að almenningssamgöngum

Aðgengi að leikskólanum með almenningssamgöngum er gott þar sem nokkrar strætóleiðir þjóna svæðinu og nokkrar stoppistöðvar eru innan 400 m göngufjarlægðar. Með tilkomu Borgarlínu og innleiðingu nýs leiðanets Strætó munu tengingar almenningssamgangna við svæðið taka breytingum, þar sem bæði Borgarlínuleið og strætóleið munu liggja í nágrenni leikskólans. Breytt leiðarkerfi felur í sér möguleika á tíðari ferðum og skýrari tengingum við aðra hluta borgarinnar, sem getur haft jákvæð áhrif á aðgengi að svæðinu. Þrátt fyrir að gönguvegalengdir að einstökum stoppistöðvum geti orðið lengri en áður, má ætla að heildaraðgengi að almenningssamgöngum haldist gott og geti í einhverjum tilvikum styrkst með breyttu leiðaneti.

Fjöldi bíla- og hjólastæða

Deiliskipulagstillagan að nýjum leikskóla við Ægisborg miðar við að leikskólinn taki við um 150 börnum og 50 starfsmönnum. Gert er ráð fyrir að bílastæði á leikskólalóðinni verði fyrst og fremst nýtt af starfsmönnum og foreldrum sem sækja börn á leikskólann.

Við mat á fjölda bílastæða við leikskólann var tekið mið af reglum um fjölda bíla- og hjólastæða hjá Reykjavíkurborg. Gert er ráð fyrir að bílastæði á leikskólalóðinni verði fyrst og fremst nýtt af starfsmönnum og foreldrum sem sækja leikskólann. Í þeim reglum er kveðið á um 0,2-0,5 bílastæði fyrir hvern starfsmann á leikskóla, sem samsvarar 10 til 25 bílastæðum og er um viðmiðunarfjöldi bílastæða að ræða.

Til að leggja mat á líklega eftirspurn bílastæða starfsmanna, þá var notast við bílastæðagögnin sem fjallað var um hér að ofan. Niðurstöður sýndu að um 8 bílum var lagt að meðaltali yfir daginn við Ægisborg sem gefur til kynna að það hafi verið ökutæki starfsmanna. Í dag starfa á bilinu 22-25 starfsmenn að jafnaði við skólann sem þýðir að 32-36% starfsmanna hafi komið á bíl og reiknast því að meðaltali um 0,34 bílastæði fyrir hvern starfsmann. Þetta hlutfall er umtalsvert lægra en ef miðað væri við núverandi ferðavenjur en tafla 1 sýnir að 64%-71% íbúa í vinnu fara ferðir sínar akandi. Að mati ráðgjafa er talið fullnægjandi að gera ráð fyrir að fjöldi starfsmanna sem koma á bíl verði sambærilegur eða aðeins lægri í dag þar sem markmið Reykjavíkurborgar miða af því að stuðla að enn hærra hlutfalli þeirra sem nýta sér vistvæna ferðamáta í framtíðinni. Því er lagt til að fjöldi bílastæða á hvern starfsmann miðist við núverandi stöðu að hámarki eða 0,34 bílastæði á hvern starfsmann. Miðað við tvöföldun starfsmanna (50 talsins) sem munu starfa á Ægisborg, þá samsvarar það þörf á 18 bílastæðum fyrir starfsmenn.

Til viðbótar er í reglunum kveðið á um að gera þurfi ráð fyrir fleiri bílastæðum við leikskóla fyrir börn sem koma akandi með foreldrum sínum. Engin töluleg viðmið eru í þeim reglum varðandi fjölda stæða fyrir foreldra sem eru að skutla börnum sínum í leikskólann en þegar skoðaðar eru heimildir erlendis frá má finna kröfur um skammtíamastæði sem kveða á um þörf fyrir eitt bílastæði fyrir hverja 6 til 10 nemendur þ.e. 0,1-0,17 stæði á hvern nemenda³. Ákveðið var að nota einnig ofangreind bílastæðagögn til að leggja mat á bílastæðapörf fyrir skammtíamastæði. Nýtingin á bílplaninu mældist mest 15 bílar árdegis og 18 bílar síðdegis. Sé gert ráð fyrir að 8 bílastæði af þessari heild séu nýtt af starfsmönnum (sbr. ályktun að ofan), þá má meta svo að mest eru notuð á bilinu 7 til 10 bílastæði af foreldrum sem samsvarar 0,1-0,13 stæði á hvert barn (sé miðað við núverandi fjölda barna á leikskólanum sem eru 75 talsins). Þar sem um mjög skamman tíma er að ræða þegar bílastæðanýting er í hámarki, þá er lagt til að miðað sé við 0,1 stæði á hvert barn. Miðað við nýjan leikskóla reiknast út frá þessu viðmiði 15 bílastæði fyrir nemendur (börn) og foreldra þeirra. Samantekt á útreikningum má sjá í Tafla 2.


³ Dæmi um kröfur frá Kanada (Vancouverborg) og Bandaríkjunum (ýmis sveitarfélög í Washington fylki).

TAFLA 2 Útreiknuð viðmið/þörf á bílastæðum við nýjan leikskóla á Ægisborg miðað við reglur Reykjavíkurborgar.

	TILLAGA AÐ VIÐMIÐI	FJÖLDI STARFSMANNA/NEMENDA	FJÖLDA BÍLASTÆÐA
Stæði fyrir starfsmenn	0,34 stæði per starfsmaður	50	17
Stæði fyrir nemendur	0,1 stæði per nemandi	150	15
Samtals			32

Reglur Reykjavíkurborgar um fjölda bíla- og hjólastæða kveða á um að mögulegt sé að fækka bílastæðum á svæði 1 um 10% (af 32 stæðum þ.e. fækkun um 3 bílastæði) ef uppbygging er innan 400-600 m göngufæris við tvær biðstöðvar sem veita aðgengi að tveimur leiðum með gott/hátt þjónustustig almenningssamgangna. Einnig má með innleiðingu samgöngustefnu draga úr fjölda bílastæða sem nemur 10% (þ.e. fækkun um 3 bílastæði til viðbótar). Þar sem leikskólinn uppfyllir ofangreind viðmið um nálægð við almenningssamgöngur í dag og til framtíðar, sem og lagt er til að innleiða samgöngustefnu við leikskólann (sjá nánari umfjöllun að neðan í *Samgöngustefna og deilibílar*) þá reiknast að hægt sé að standa að uppbyggingu leikskólans með 26 bílastæðum.

Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að bílaplanið er stækkað og að hægt verði að koma fyrir 25 bílastæðum, sem er aðeins minna en útreiknuð bílastæðabörf. Til að greina betur hver áhrifin á að hafa 25 bílastæði var notast við umferðartalninguna frá janúar og hún sköluð upp. Dregin er sú ályktun tvöföldun á stærð leikskólans kalli á tvöföldun í bílaumferð, miðað við óbreyttar ferðavenjur. Á Mynd 8 má sjá útreiknaða bílastæðanýtingu sem miðar þessar forsendur og borið saman við fyrirhugaðan bílastæðafjölda (25 stæði) á lóðinni.



MYND 8 Yfirlit yfir áætlaða bílastæðanýtingu við stærri Ægisborg út frá bílastæðatalningu þriðjudaginn 13. janúar 2026.

Þegar mynd 8 er skoðuð, þá má sjá að áætluð nýting stæða fer umfram fyrirhugaðan stæða fjölda árdegis og síðdegis þar sem topparnir gætu orðið um 31 bíll að morgni til, og síðdegis gæti eftirspurnin farið í allt að 38 bíl, sem er 13 bílum umfram 25 bílastæði. Hafa ber í huga að mæling byggist á nýtingu stæða að vetrarlagi og því líklega um hámarks bílastæðanýtingu um að ræða.

Miðað við framangreindar niðurstöður er talið líklegt að fyrirhugaður fjöldi bílastæða fullnægi ekki allri eftirspurn á álagstímum, einkum yfir vetrarmánuði. Þar sem aðeins er um mjög stutt tímabil um að ræða (10 til 20 mín árdegis

og síðdegis) þar sem fyrirhugaður fjöldi stæða annar líklega ekki eftirspurn – að mati ráðgjafa er talið að bílastæði á borgarlandi í nágrenni leikskólans geti tekið við þessari tímabundnu umframeftirspurn. Ágætis framboð er af bílastæðum á borgarlandi (þ.e. næst Ægisborg eru á bílplaninu við Ægissíðu 121-123 eru um það bil 15 bílastæði í borgarlandi sem og 7 bílastæði við Ægissíðu 115). Að mati ráðgjafa er æskilegra að samnýta þessi stæði á borgarlandi fremur en að fjölga bílastæðum frekar innan lóðar leikskólans.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að gert verði ráð fyrir 25 bílastæðum innan lóðar og staðið að eftirfarandi aðgerðum til að stýra bílastæðum við leikskólalóðina:

- Hluti bílastæða á leikskólalóðinni verði merkt sem skammtíastæði svo foreldrar og börn þurfi síður að þvera götu til að komast að leikskólanum.
- Lagt er til að starfsfólk leikskólans leggi frekar í bílastæðin norðan megin á bílplaninu, svo foreldrar geti lagt upp við leikskólabyggingu og þurfi ekki að þvera bílplanið með börnin sín
- Ef í ljós kemur að það verður oft skortur á bílastæðum á álagstímum er lagt til að hluti starfsmanna leggi bílum sínum í borgarlandi þannig sem flest stæði séu laus á bílplani við leikskólann fyrir foreldra sem skutla/sækja börnum.

Upp við leikskólann skal áfram gert ráð fyrir einu stæði hreyfihamlaðra og er staðið jafnframt næst aðalinngöngum og innan 25 metra. Bílastæðið verður a.m.k. 3,8 x 5 metrar að stærð og eru því ákvæði byggingarreglugerðar, gr. 6.2.4. uppfyllt.

Fjöldi hjólastæða

Mikilvægt er að hafa góð hjólastæði fyrir starfsmenn, foreldra og börn til að byggja undir vistvænar ferðavenjur. Í reglum Reykjavíkurborgar um fjölda bíla- og hjólastæða er settur fram lágmarksfjöldi hjólastæða. Kveðið er á um að lágmarki 0,4 hjólastæði á hvern starfsmann og 0,2 hjólastæði á hvern nemanda. Jafnframt kemur fram í reglunum að hjólastæði við leikskóla skulu einnig nýtast til að geyma hjólavagna og kerrur. Miðað við væntanlega uppbyggingu á nýjum leikskóla, sem mun hýsa 150 nemendur og 50 starfsmenn, skal samkvæmt reglum borgarinnar koma fyrir 50 hjólastæðum að lágmarki við leikskólann. Við leikskólann er hægt að samnýta hjóla- og vagnageymslur. Lagt er til að öllum hjólastæðum fyrir starfsmenn (20 stæði) og um helmingur stæða fyrir nemendur (15 stæði) sé komið fyrir í hjólageymslu þ.e. að lágmarki 35 hjólastæðum. Öðrum hjólastæðum er lagt til að sé komið við alla helstu innganga í leikskólann. Æskilegt er að hafa hjólageymsluna innan leikskólagirðingarinnar þar sem hjólin eru þá í verndaðra umhverfi.

Ráðgert er að deiliskipulagstillagan uppfylli þessar kröfur þar sem hjólastæðum verður komið fyrir við innganga, auk þess að hjóla- og vagnageymsla verður byggð innan lóðar. Gert er ráð fyrir að starfsmenn nýti sér hjólageymsluna en einnig að hún nýtist foreldrum til að geyma hjólavagna og kerrur yfir daginn.


Aðkoma sorpbíla og aðfanga

Gert er ráð fyrir að sorp og sendingar aðfanga verði svipaðar því sem þekkist í dag við leikskólann en upplýsingar byggðar á gögnum úr umferðartalningu sem og samtali við starfsmenn Reykjavíkurborgar:


- Minni vörubílar (10 m á lengd) aka í dag með matarsendingar inn á bílplan leikskólans og bakka að inngangi leikskólans til að afferma vörur. Þar sem bílplanið verður stækkað og komið verður fyrir hornréttum stæðum beggja vegna á bílplaninu, þá leiddu akstursferlagreiningar í ljós að æskilegast er að staðsetja stæði fyrir vörumóttöku á norðvestur horni byggingarreits leikskólans. Með þessum breytingum verður auðveldara fyrir sendibíla að athafna þar sem á þessum stað yrðu engin bílastæði á móts við stæði vörubíla og minni skörun verður við önnur ökutæki. Akstursferlagreiningar sýna að 12 m vörubíll getur

með naumindum bakkað í og úr stæði (sjá myndir 9 og 10 hér að neðan) og því er æskilegt að haldið verði áfram að koma með sendingar á minni vörubíl. Við nánari hönnun á bílaplani og við leikskólalóð þarf að tryggja að við affermingu standi vörubíll ekki út í akstursleið bíla í innkeyrslunni.

- Sorpbílar bakka inn frá Ægissíðu og staðnæmast í innkeyrslu við núverandi sorpgeymslu þar sem tunnum er ýtt að sorpbíl til tæmingar. Að því loknu keyrir sorpbíllinn beint út af lóð leikskólans. Gert er ráð fyrir að aðkoma sorpbíla verði með sama hætti. Mælst er til að þeim tilmælum verði komið til sorphirðunnar að starfsmaður sorphirðu standi hjá og hafi auga með bílnum bakka inn. Hann geti þannig aðvarað bílastjóra gerist þess þörf t.d. ef börn koma hjólandi með foreldrum sínum að leikskólanum á sama tíma.



MYND 9 Akstursferill vöruflutningabíls inn á lóð Ægisborgar.



MYND 10 Akstursferill vöruflutningabíls út af lóð Ægisborgar.

Samgöngustefna og deilibílar

Mikilvægt er að hvetja starfsmenn sem og foreldra sem sækja leikskólann að ferðast með vistvænum hætti. Meðal aðgerða sem lagt er til að standa að er:

- Innleiðing á samgöngustefnu. Samgöngustefna er til þess fallin að styðja við vistvæna ferðamáta og getur hún m.a. falist í:
 - Hvetja starfsmenn til þess að ferðast vistvænt en Reykjavíkurborg býður starfsmönnum upp á samgöngusamninga.
 - Að veita aðstöðu til hjólviðgerða í hjólageymslu s.s. loftpumpu og verkfæri.
 - Hafa búnings- og sturtuáðstöðu fyrir starfsmenn.
- Stuðla að aðgengi að deilibíl. Deilibílar eru skilvirk leið til að veita aðgengi að bíl og þar með auðvelda fólki að lifa bíllausum lífstíl. Starfsmenn sem hafa aðgengi að deilibíl hafa sveigjanleika til að nota bíl í vinnu- og persónutengd erindi á vinnutíma, í stað þess að nota eigin bíl. Reykjavíkurborg er með til skoðunar að skilgreina deilibílastæði í borgarlandi þar sem deilibílaeigur geta komið fyrir bílum sínum. Lagt er til að skoðaður verði möguleiki þess að koma fyrir einum deilibíl nærri leikskólanum s.s. í rafhleðslustæðin í borgarlandinu á Ægissíðu eða við Vesturbæjarlaug sem einnig geta nýst íbúum í grenndinni.

Samantekt

Samgöngumat þetta hefur verið unnið í tengslum við deiliskipulagsbreytingu fyrir leikskólann Ægisborg við Ægissíðu 104 og fjallar um áhrif fyrirhugaðrar stækkunar leikskólans á umferð og aðgengi. Hér að ofan hefur verið farið yfir helstu atriði sem snúa að samgöngumálum í deiliskipulagstillögunni. Helstu niðurstöður samgöngumatsins voru eftirfarandi:

- Aðgengi akandi
 - Bílaumferð sem skapast vegna stækkunar leikskólans er ekki talin hafa markverð áhrif á nærliggjandi gatnamót.
 - Í dag eru 15 bílastæði innan lóðar leikskólans, en lagt er til að þeim verði fjölgað í 25 eftir stækkun leikskólans. Jafnframt er nokkur fjöldi bílastæða í borgarlandi í nágrenni leikskólans. Að mati ráðgjafa er talið að framboð bílastæða á lóð, ásamt bílastæðum í borgarlandi, geti verið nægjanlegt til að mæta aukinni eftirspurn vegna stækkunar leikskólans. Í samgöngumatinu eru jafnframt settar fram tillögur að stýringu bílastæða til að draga úr álagi á álagstímum.
 - Lagt er til að vörumóttaka verði staðsett á norðvesturhorni lóðarinnar. Nánari útfærsla og akstursferlar skulu skoðaðir í tengslum við frekari hönnun lóðar og byggingar.
- Aðgengi gangandi og hjólandi
 - Aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda að skipulagsreitnum er talið mjög gott. Gert er ráð fyrir að aðgengi hjólandi batni enn frekar með lagningu hjólastígs við Ægissíðu, sem er hluti af uppbyggingu samkvæmt samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins og hjólareiðaáætlun Reykjavíkurborgar.
 - Lagt er til að Reykjavíkurborg ráðist í upphækkun gönguþverunar meðfram Ægissíðu, yfir innkeyrslu að leikskólanum, til að bæta aðgengi og auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.
 - Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar skulu vera að lágmarki 50 hjólastæði við nýja leikskólann. Gert er ráð fyrir hjólastæðum við innganga leikskólalóðarinnar, auk hjóla- og vagnageymslu innan lóðar. Hjóla- og vagnageymsla telst mikilvæg fyrir foreldra sem koma með börn í kerru eða hjólavagni og geta þannig haldið áfram ferðum sínum án vagnanna. Æskilegt er að hjólageymslan verði staðsett innan leikskólalagirðingarinnar.

- Tryggja þarf fullnægjandi vetrarþjónustu á gönguleið upp við leikskólann, til dæmis með snjóbræðslu.
- Almenningsamgöngur
 - Aðgengi að almenningsamgöngum á svæðinu er talið gott og er gert ráð fyrir að það styrkist til framtíðar með bættu þjónustustigi og tilkomu Borgarlínu um svæðið.
- Samgöngustefna og deilibílar
 - Lagt er til að leikskólinn setji sér samgöngustefnu og hvetji starfsfólk og foreldra til að ferðast til og frá leikskólanum með vistvænum hætti. Í því felst meðal annars að hvetja starfsmenn til þátttöku í samgöngusamningum, auk þess að tryggja aðstöðu til hjólaviðgerða, sem og búnings- og sturtuáðstöðu.
 - Einnig er lagt til að stuðlað verði að aðgengi að deilibíl fyrir starfsmenn, annaðhvort innan lóðar leikskólans eða í nágrenni hennar.